

Úkraína á lista yfir örugg ríki

Skilyrði þess að land geti talist öruggt ríki er að til staðar sé réttarríki sem uppfyllir ákveðin grunnskilyrði, þ.e. að almennt séu ofsóknir ekki liðnar í landinu eða að ekki sé til staðar veruleg hættu á að fólk verði fyrir alvarlegum skaða. Skaða ber lög, reglur og lagalega starfshætti landsins og ganga úr skugga um að þar sé virðing borin fyrir grundvallarmannréttindum auk þess að til staðar séu úrræði ef brotið er gegn þeim réttindum. Samkvæmt lögum um útlendinga nr. 80/2016 er heimilt að taka umsóknir borgara ríkja sem eru á lista yfir örugg ríki til forgangsmeðferðar, sbr. 29. gr. laganna, en sérstakt mat á því hvort umsókn eigi undir slíka málsmeðferð sem og mat á málsatvikum í hverju máli fyrir sig fer ávallt fram.

Frá árinu 2014 hafa 35 einstaklingar frá Úkraínu sótt um vernd á Íslandi. Í fæstum málum er lagt grundvallar að umsækjandi eigi á hættu ofsóknir á grundvelli kynþátta, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmalaskoðana. Flestar umsóknir eiga rætur sínar að rekja til þeirra átaka sem átt hafa sér stað í austurhluta landsins, n.t.t. í héruðunum Donetsk, Luhansk og Krím. Almennt má telja aðstæður í Úkraínu góðar og að fullnægjandi aðstoð og/eða úrræði séu til staðar, þegar litið er til annarra svæða en átakasvæðanna í austri. Engum umsækjanda frá öðrum héruðum en þeim sem áður hafa verið nefnd í austurhluta landsins hefur verið veitt alþjóðleg vernd á Íslandi. Þær ákvarðanir Útlendingastofnunar sem kærðar hafa verið hafa allar verið staðfestar af æðra stjórnvaldi.

Ríkið Úkraína, að undanskildum héruðunum Donetsk, Luhansk og Krím, er sett á lista stofnunarinnar yfir örugg ríki á grundvelli eftirfarandi:¹

1. Landaupplýsingar um stjórnarfar og stöðu mannréttinda kveða á um að Úkraína sé lýðræðisríki og að þar séu ekki stundaðar kerfisbundnar ofsóknir gegn fólki. Grundvallarmannréttindi eru almennt virt.
 - a. Líf og frelsi borgara landsins er almennt ekki talið í hættu vegna kynþátta, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að sérstökum þjóðfélagshópum eða vegna stjórnmalaskoðana auk þess sem stjórnarskrá Úkraínu sem og önnur landslög banna hvers konar mismunun borgara á grundvelli fyrrgreindra ástæðna.
 - b. Bann við pyndingum og grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð sem mælt er fyrir um í þjóðarétti er almennt virt.
 - c. Úkraína hefur verið aðili að Genfarsáttmálanum frá árinu 1954 en með aðild að þeim sáttmála hefur ríkið skuldbundið sig til þess að senda ekki fólk þangað sem það kann að vera í hættu.²

¹ Umfjöllun hér eftir miðast við Úkraínu að undanskildum héruðunum Donetsk, Luhansk og Krím.

² United States Department of State, 2015 *Country Reports on Human Rights Practices - Ukraine*, 13. apríl 2016, aðgengilegt á: <http://www.refworld.org/docid/571611ee13.html>. Sjá einnig stjórnarskrá Úkraínu http://www.coe.int/t/dghl/cooperation/ccpe/profiles/ukraineConstitution_en.asp. Sjá einnig: https://ihl-databases.icrc.org/applic/ihl/ihl.nsf/States.xsp?xp_viewStates=XPages_NORMStatesParties&xp_treatySelected=380

2. Í Úkraínu er fullnægjandi lögregluvernd til staðar og hafa yfirvöld skilvirka stjórn yfir lögreglunni og öryggissveitum landsins. Sjálfstæði dómstóla er almennt virt og gæta þeir, auk saksóknara og lögreglu, réttinda úkraínskra borgara með ágætum, sem felur í sér rannsókn, ákæru og refsingu fyrir glæpi sem framdir eru í landinu. Eftirfylgni við hverslags brot gegn refsilöggjöf er til staðar og bera heimildir með sér að almennir borgarar hafi jafnan aðgang að þessu verndarkerfi.³
3. Úkraína er aðili að fjölmörgum alþjóðasamningum um verndun mannréttinda, t.d mannréttindasáttmála Evrópu,⁴ alþjóðasamning um borgaraleg og stjórn málaaleg réttindi⁵ og samning gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu⁶.
4. Úkraína og Evrópusambandið skrifuðu undir samstarfssamning (e. *Association Agreement*) árið 2014 sem miðar að því að styrkja tengsl þeirra á milli, bæði pólitísk og efnahagsleg. Stærstur hluti samningsins hefur nú þegar tekið gildi en hann mun verða fullgildur frá 1. september 2017.⁷ Þá hafa ríkisborgarar Úkraínu notið ferðafrelsis innan Evrópu síðan 11. maí 2017.⁸

Önnur Evrópuríki hafa sett Úkraínu á lista yfir örugg ríki, t.d. Búlgaría, Lúxemborg og Bretland. Noregur er ekki með lista yfir örugg ríki en þar er notast við lista yfir ríki þar sem flýtimeðferð er beitt (48 tímar) og er Úkraína á þeim lista.⁹

Áréttað er að þrátt fyrir að tiltekið ríki sé á lista yfir örugg ríki fer ávallt fram einstaklingsbundið mat á aðstæðum í hverju máli fyrir sig. Hvert mál er skoðað sérstaklega á eigin forsendum með tilliti til fyrirliggjandi gagna og landaupplýsinga á hverjum tíma og það eitt að umsækjandi um vernd sé frá ríki á listanum getur aldrei leitt til þess að

³ United States Department of State, *2015 Country Reports on Human Rights Practices - Ukraine*, 13. apríl 2016, aðgengilegt á: <http://www.refworld.org/docid/571611ee13.html>.

⁴ Council of Europe, *Chart of signatures and ratifications of Treaty 005*, aðgengilegt á <http://www.coe.int/en/web/conventions/full-list/-/conventions/treaty/005/signatures>

⁵ United Nations. *Treaty Collection*. Aðgengilegt á https://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=IND&mtdsg_no=IV-4&chapter=4&lang=en

⁶ United Nations. *Treaty Collection*. Aðgengilegt á https://treaties.un.org/Pages/ViewDetails.aspx?src=TREATY&mtdsg_no=IV-9&chapter=4&lang=en

⁷ EU-Ukraine Association Agreement – „Quick Guide to the Association Agreement“, aðgengilegt á: https://eeas.europa.eu/sites/eeas/files/071215_eu-ukraine_association_agreement.pdf. Sjá einnig: *Association Agreement between the European Union and its Member States, of the one part, and Ukraine, of the other part*, aðgengilegt á: http://trade.ec.europa.eu/doclib/docs/2016/november/tradoc_155103.pdf


⁸ European Commission. *Migration and Home Affairs: Agreement between the European Union and Ukraine amending the Agreement between the European Community and Ukraine on the facilitation of the issuance of visas*, aðgengilegt á: [http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:22013A0620\(02\)&from=EN](http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:22013A0620(02)&from=EN)

⁹ European Commission. *An EU „Safe Countries of Origin“ list*. Aðgengilegt á http://ec.europa.eu/dgs/home-affairs/what-we-do/policies/european-agenda-migration/background-information/docs/2_eu_safe_countries_of_origin_en.pdf

Utlendingsdirektoratet. *Applying for protection (asylum) in Norway*. Aðgengilegt á <https://www.udi.no/en/want-to-apply/protection-asylum/protection-asylum-in-norway/?c=ukr>

Útlendingastofnun taki mál hans ekki til skoðunar eða synji umsókn hans án undangenginnar rannsóknar. Þegar það á við eru mál ríkisborgara landa á listanum tekin til almennrar efnismeðferðar og er listinn því aðeins til hliðsjónar.

Útlendingastofnun, 23. ágúst 2017



Kristín Völundardóttir, forstjóri